


MONITOR



FRITT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

KRITADU
PIG OPP!



Þess má geta að lopapeysan sem þau Nanna og Ragnar klæddust á forsiðunni varð fyrir smávægilegu tjóni við myndatökuna.



Laddi verður borgari

EDDA OG LADDI BRAGÐA Á SALÓMONI

Mynd/Eggert

Þórhallur Sigurðsson, Laddi, hefur í nógu að snúast þessa dagana í leiklistinni og skemmtunum en í gær fékk hann að snæða borgara sem skírður er í höfuðið á einum af hans karakterum.

„Fólk getur átt von á góðri skemmtun á föstudaginn, það getur örugglega hlegið slatta og svo er smá drama í þessu líka. Ég held að fólk sem er komið á miðjan aldur sjái margt í sýningunni sem það getur tengt við þó þetta sé auðvitað fyrir fólk á öllum aldri,“ segir Laddi í tilefni þess að leikritið Hjónabandssæla verður frumsýnt í Gamla bíói á föstudagskvöld.

Þórhildur Þorleifsdóttir situr í leikstjórnastólnum en hún leikstýrði Eddu og Ladda síðast í kvikmyndinni um Stellu í orlofi. „Það er rosaalega skemmtilegt að vinna öll saman aftur. Það er margt hlægilegt sem við höfum getað rífað upp á æfingafærlinu.“

Það er fyrir algjöra tilviljun að á sama tíma og þau koma öll saman aftur er Hamborgarafa-

brikan að setja nýjan laxaborgara á matseðilinn sinn sem heitir Salómon Gústavsson, í höfuðið á karakter Ladda úr Stellu-myndinni. Af því tilefni fóru Edda og Laddi á Fabrikkuna í gær til að smakka borgarann. „Það er náttúrulega stór áfangi að komast á matseðilinn hjá þeim félögum því nú er ég kominn í hóp með Rúna Júl, Bó og Morthens. Nú er ég með stóru körlunum,“ segir Laddi með fullan munninn.

Frumskýning hverja helgi

En fékk Laddi ekki ógeð á laxi í öllu laxaæðinu í Stellu? „Nei, ég borðaði nú lítið af honum. Mér finnst lax mjög góður, grillaður eða steiktur á pönnu. Það er herramannsmatur en ég lét það eiga sig að borða allar þær laxakræsingar sem

voru á boðstólnum í Stellu.“

Síðustu helgi tók Laddi þátt í að frumsýna Galdrakarlinn í Oz í Borgarleikhúsinu. „Viðtökur voru æðisgengnar. Þetta er náttúrulega stór sýning og skemmtileg fyrir bæði augað og eyrað. Krakkarnir sem eru með okkur í sýningunni eru æðislega skemmtilegir og gera þetta mjög vel.“ Það er ekki nóg með að Laddi sé að frumsýna Hjónabandssæluna á föstudag heldur verður endurgerð teiknimyndarinnar The Lion King einnig frumsýnd í þrívídd. „Maður er að frumsýna um hverja helgi núna (hlær). En þetta er skemmtilegt allt saman, Tímon er uppáhaldskarakterinn sem ég hef raddsett og Hjónabandssælan á vonandi eftir að fá góðar viðtökur.“

jrr

Monitor mælir með

KVIKMYNDAHÚSUNUM

Dagana 22. september til 2. október fer kvikmyndahátíðin Reykjavík International Film Festival fram

víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Hátíðin er kjörin vettvangur fyrir kvikmyndaá-hugamenn til að kynna nýjum myndum hvaðanæva úr heiminum sem og því nýjasta í íslenskr kvikmyndagerð.



FYRIR ÞJÓÐARSTOLTID

Íslensku kraftajötnarnir, Stefán Sölvi Pétursson og Hafþór Júlíus Björnsson, hófu keppni í Sterkasti maður heims í gær og klárast mótið í dag. Monitor mælir með því að Íslendingar nær og fjær sendi köppunum baráttukveðjur og fylgist með gangi mála í gegnum helstu netmiðlana. Það er orðið óþarflega langt síðan Ísland átti síðast sterkasta mann heims.

Vikan á... facebook

Jógvan Hansen
Nú eri eg og studio og taki Stórasystur og Lítlibeiggju upp á Íslenskum :) . . Ljóðar ótrúlega væl !!
19. september kl. 13:50

Bo Halldorsson
Studio í dag og næstu daga. Gaman gaman
19. september kl. 11:42

Annar hver á Facebook
Hvað er málið með nýja Facebookið?
face

Feitast í blaðinu

Aron Leví Rúnarson var í landsliðinu í íshokki í átta ár og stundar nú nám í HR. >>>4

20 ár eru liðin síðan Nirvana sendi frá sér hina áhrifamiklu **Nevermind**. >>>6

Stíllinn fékk **Rósu Maríu** til að klæða sig í uppáhalds „vintage“ flikurnar sínar. >>>8

Nanna og Raggi Of Monsters and Men skoða sig oft á Youtube-síðunni. >>>11

Leikkonan **Dóra Jóhannsdóttir** væri til í að vera **Haldóra Geirharðsdóttir**. >>>22

Efst í huga Monitor

M Sterkastir í heimi?

Nú fer fram keppnin Sterkasti maður heims í Bandaríkjunum þar sem Íslendingar eiga tvo fulltrúa, þá Stefán Sölva Pétursson og Hafþór Júlíus Björnsson. Það er alveg magnað hvað Íslendingum hefur gengið vel að skipa sér á bekk sterkustu manna heims í gegnum tíðina.

Að sama skapi er ótrúlegt að sjá hvað hann Hafþór Júlíus hefur breyst gífurlega í útliti á síðastliðnum árum. Hér meðfylgjandi er mynd af Hafþóri frá árinu 2004, þegar hann var sextán ára, ásamt mynd sem tekin var í fyrra, árið 2010. Fyrirnefnda myndin er tekin þegar kraftakarlinn var liðsmaður í sextán ára landsliði Íslands í körfubolta, augljóslega alvöruþróttamaður hér á ferð.

Monitor óskar Íslendingunum tveimur alls hins besta í kraftþrautunum í dag.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is)

Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is)

Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is)

Forsíða: Eggert Jóhannsson (eggert@mbl.is) **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson

Útgefandi: Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



UM ÞAÐ BIL 10.000 FULLORÐNIR GLÍMA VIÐ ADHD Á ÍSLANDI

KRONAN
SELUR ADHD ENDURSKINSMERKJUM

Styrkjum gott málefni með kaupum á endurskinsmerkjum með skemmtilegum teikningum eftir Hugleik Dagsson. Allt söluandvirði merkjanna, 1.000 kr. rennur óskipt til ADHD samtakanna á Íslandi.



ADHD Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110 www.adhd.is

NAUÐSYNLEGT AÐ VERA SMÁ KLIKKADUR

Aron Leví Rúnarsson er nemi í bygg-
ingafræði í Háskóla Reykjavíkur.
Hann er greindur með ADHD og tekur
því þátt í að vekja athygli á herför-
inni Athygli, já takk. Þessi 22 ára
nemi virðist elska að vera upptekinn.

Þú varst landsliðsmaður í íshokki í átta ár. Hvað kom til að þú byrjaðir?

Ég byrjaði þegar ég var 10 ára og ég byrjaði af því að margir vina minna voru í þessu. Ég byrjaði að spila götuhokki með þeim þegar ég var bara polli og það kom á daginn að ég var svona fáránlega góður í marki. Þannig að ég fór fljótlega að gera mér ferð ásamt félögum niður í Laugardal til að mæta á æfingu.

Hvað þarf til að verða góður í íshokki?

Það þarf aga, leikskilning og áhuga á íþróttinni. En ég er markmaður og ég er því ekki með neinn leikskilning. Það sem þarf til að vera góður markmaður í íshokki eru góð viðbrögð, þolinmæði og einbeiting. Svo er nauðsynlegt að vera smá klikkadur.

Svo ertu að trúbadorast um helgar. Hvenær fórstu að glamra á gítar?

Ætli ég hafi ekki byrjað þegar ég var svona níu ára. Ég byrjaði reyndar að tromma þegar ég var sex ára en sökum plássleysis og hávaða færði ég mig yfir á gítarinn. Þegar ég var þrettán keypti ég mér svo bassa fyrir fermingarpeningana og í dag spila ég á bassa og gítar. Svo hef ég verið að trúbbba með félaga mínum á þessum helstu stöðum í miðbænum.

Hvers vegna varð byggingaiðnfræði fyrir valinu?

Þegar ég var í 9. bekk þá fór ég að handlanga í málaravinnu og fékk strax mikinn áhuga á öllu sem því tengdist. Skömmu seinna fór ég í málarann og kláraði það. Út frá þessu fékk ég mikinn áhuga á öllu sem tengist byggingafræði.

Þú ert greindur með ADHD. Hvað þarft þú að gera öðruvísi en aðrir svo þér gangi vel í skólanum?

Persónulega er ég alltaf með heyrnartól á hausnum, jafnvel þó þau séu ekki tengd. Ég þarf oft að vera lengur í skólanum og taka fleiri og styttri tamar. Ég fer þá reyndar oftast að slæpast um skólann á sokkunum (hlær). En fyrst og fremst snýst þetta um að finna sér eitthvað sem þú hefur áhuga á. Oft þarf að tala í sig áhugann þegar einhver áfangi er ekki alveg að ná til manns. Það er besta ráðið sem ég get gefið fólki sem er í svipaðri stöðu og ég.

Hvað er það besta/sísta við að vera í HR?

Það sísta eru náttúrulega skólagjöldin en það besta er það að hann er opin allan sólarhringinn, það eru „foosball“-borð niðri og svo er líkamsræktarstöð á staðnum. Það er líka stöðug þróun í náminu og það er í takt við tímann.

Hvernig líst þér á nýja skólaárið?

Það leggst vel í mig bæði félagslega og námslega. Ég þarf að halda rétt á spöðunum til að tækla þessa önn og svo var ég að fá mér byssuleyfni þannig að ég ætla að fara að skjóta einhverja fugla. Þetta er svona stangveiðin og golf á sumrin og svo skotveiðin á veturna. Svo var ég að taka mótörhjólaprófið líka svo nú þarf ég að kaupa mér mótörhjól.

jrj

ARON LEVÍ

Fyrstu sex: 230889.
Skólastig: Annað ár í bygginga-
iðnfræði í Háskólanum í Reykjavík.
Gítar: Yamaha.
Uppáhaldsliður: Blár.
Uppáhaldsteiknimyndapersóna:
Barbapabbi.
Æskudraumur:
Ætlaði að verða ríkur.
Heimasíða ADHD: www.adhd.is.



MEGAVIKA

Vikuna 19. - 25. september 2011

1.390 KR.

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI EF ÞÚ SÆKIR

HVÍTLAUKSOLÍA
FYLGIR
FRÍTT MEÐ
ÖLLUM
PÖNTUNUM



dominos.is ♦ 58-12345

NIRVANA



Engum var sama um NEVERMIND

Á laugardaginn eru liðin tuttugu ár síðan Nirvana gaf út sína aðra breiðskífu, **Nevermind**. Sú plata breytti tónlistarsögunni þegar hún færði óhefðbundið rokk nær hefðbundnu popptónlistarsenunni. Í tilefni þess ákvað **Monitor** að stikla á stóru um feril sveitarinnar.

Torsótt byrjun

Það tók dagóðan tíma að fá rétta mynd á hljómsveitina Nirvana. Þó svo að söngvarinn, Kurt Cobain, og bassaleikarinn, Krist Novoselic, hafi verið saman í menntaskóla í Aberdeen í Washington-fylki í Bandaríkjunum þá lágu leiðir þeirra ekki saman strax. Cobain sóttist eftir því að stofna hljómsveit með Novoselic og gaf honum prufuupptökur fyrri hljómsveitar sinnar á kassettu merktri Fecal Matter. Það tók Novoselic hins vegar þrjú ár að hlusta á spóluna en eftir að hann gaf henni gaum stofnuðu þeir félagar hljómsveit saman veturinn 1987. Það tók þá pílta þó langan tíma að finna trommara og eftir að hafa gefið mörgum tækifæri sættust þeir á trommarann Chad Channing í maí 1988.

600 dollarar

Fyrsta plata Nirvana var hin fremur dökktóna, Bleach, sem gefin var út í júní árið 1989 en þá voru þeir farnir að gera út frá Seattle í Washington-fylki. Maður nokkur, Jason Everman, fékk nafn sitt skráð á plötuumslagið þar sem hann reiddi fram þá rétt rúmu 600 dollara sem platan kostaði í framleiðslu. Þó að Nirvana hafi sjálfir gefið út plötuna án aðstoðar plötufyrirtækis þá tókst þeim að ná á sitt band fjöldanum öllum af aðdáendum og lög af plötunni voru spiluð

á háskólaútvarpsstöðvum víðs vegar um Bandaríkin og flestir voru sammála um að Cobain hafi sannað sig sem lagasmíður með laginu About a Girl.

Sá rétti

Cobain hélt áfram að þróa sínar lagasmíðar og smám saman urðu löginn bjartari og poppaðri. Í apríl árið 1990 fengu Nirvana-menn til liðs við sig upptökustjóran Butch Vig og í framhaldinu byrjuðu þeir að vinna nýtt efni. Á sama tíma fór að trosna upp úr sambandi Cobain og Novoselic við trommarann Chad Channing. Sá síðastnefndi var ósáttur með að fá ekki að taka meiri þátt í lagasmíðunum og yfirgaf hljómsveitina. Nokkrir trommarar fylltu í hans skarð en það var ekki fyrir en í september þetta árið þegar Dave Grohl kom til sögunnar að Cobain og Novoselic urðu fullkomlega sáttir. Buzz Osborne úr hljómsveitinni The Melvins benti Cobain og Novoselic á Grohl sem þá var nýhættur með hljómsveit sinni Scream sem gerði út frá Washington í D.C.-fylki.

Tvíeykið fékk Grohl til sín í prufur skömmu eftir að hann kom til Seattle og haft er eftir Novoselic að það hafi tekið þá tvær mínútur að átta sig á að hér væri rétti trommarinn á ferðinni.

Meginstraumurinn

Með nýrri uppstillingu fóru Nirvana-liðar að leita að stóru útgáfufyrirtæki til að gefa út sína aðra breiðskífu. DGC Records varð fyrir valinu og þrátt fyrir að geta valið úr fjöldanum öllum af upptökustjórum varð ádurnefndur Butch Vig fyrir valinu. Saman hófust þessir fjórir handa við að búa til aðra breiðskífu




NEVERMIND

Útgáfudagur: 24.09.1991.
Efsti sæti Billboard: janúar 1992.
Sala: 30.000.000 eintök.
Áhrifavaldar: Pixies, The Smithereens og R.E.M.
Vinnuheiti: Sheep.
Kostnaður: 65.000 dollarar.
Hljóðver: Sound City Studios, Van Nuys í Kaliforníu.
Upptökutímabil: maí til júní 1991.
Staðreynd#1: Cobain samdi nokkra textanna einungis nokkrum mínútum fyrir upptökur.
Staðreynd#2: Cobain samdi öll löginn á plötunni. Fyrsta lagið og leynilag plötunnar samdi hann í samvinnu við Novoselic og Grohl.
Staðreynd#3: Vegna mistaka vantar leynilagið „Endless, Nameless“ á fyrstu 20.000 eintökinn sem voru framleidd.

hljómsveitarinnar. Vinnan var oft og tíðum erfð og Cobain var ósáttur við hljóðblöndun margra laganna og liðsmönnum sveitarinnar þótti hljómurinn oft og tíðum of glanskenndur og fægður fyrir sveit sem gæfi sig út fyrir að spila fyrst og fremst pönk og rokk.

Lykt af ungdómi

10. september árið 1991 gáfu Nirvana út fyrstu smáskífu plötunnar Nevermind, lagið Smells Like Teen Spirit. Lagið, sem jafnframt er fyrsta lag plötunnar, endurspeglar hráar lagasmíðar sveitarinnar þar sem erindi lagsins er lágstemmt og algjör andstæða við kröftugt viðlagið. Þetta var fyrsti alvöru smellur Nirvana og einnig sá sem náði hæst er hann tyllti sér í sjötta sæti bandaríska Billboard-listans. Það var í raun sama hvert var lagið, Smells Like Teen Spirit var spilað á öllum útvarpsstöðvum og myndbandið við lagið birtist mörgum sinnum á dag á tónlistarsjónvarpsstöðinni MTV. Á svipstundu varð



SVALUR MEÐ FLOTTUSTU SÓGLERAUGU Í HEIMI

meðanjarðarsveitin með háskólaútvarpsspilunina orðin þekkt úti um allan heim.

Platan sem öllu breytti

Önnur breiðskífa Nirvana, Nevermind, náði hæðum sem engan óraði fyrir. DGC Records höfðu vonast til þess að ná að selja hana í 250.000 eintökum en fyrir júlín 1991 seldust 400.000 eintök í hverri viku. Fyrst um sinn var platan í 144. sæti á Billboard-listanum í Bandaríkjunum en það var svo í janúar árið 1992 að platan komst á topp listans og velti þar úr sessi plötu Michael Jackson, Dangerous. Þessar óvæntu vinsældir plötunnar urðu til þess að óhefðbunda „alternative“-rokkio færðist nær hefðbundna „mainstream“-poppinu. Áður en platan kom út voru einungis nokkrar útvarpsstöðvar sem spiluðu óhefðbundna rokkio en hér um bil tveimur árum síðar voru þær orðnar fleiri en 100 talsins. Áður höfðu tónlistarþyrst ungmenni ekki heyrt slík tónðæmi í útvarpi en nú sáu stjörn-

ÖRVHENTUR KURT SPILAR EINFALT GÍTARSTEF



GRUNGE

Þegar talað er um Grunge-tónlistarstefnuna er Nirvana yfirleitt nefnd í sömu andrá ásamt hljómsveitinni Pearl Jam. Stefnan á upptök sín í Seattle í kringum miðjan áttunda áratuginn. Grunge þýðir í lausri þýðingu eitthvað sem er óhreint og lýsir það vel mengaða rafmagnsgítarhljómunum sem einkennir stefnuna. Oftar en ekki er rafmagnsgítarinn gerður óhreinn með mikilli hljóðbrenglun eða „distortion“ og endurkastið frá magnaranum er gjarnan notað í miklum mæli. Stefnan er undir áhrifum frá harðkjarna pönki og þungarokki en er þó yfirleitt lágstemmdara og takturinn er hægari í Grunge-stefnunni.

endur stöðvanna að hér væri á ferðinni ný gróðamaskína og því hófu þeir að spila tónlist í anda Nirvana. Myndin af unga barninu sem seilist eftir dollaraseðlinum er því táknræn því plötufyrirtækin og útvarpsstöðvarnar virtust vera að leika sama leik.

Á svið í hjólástól

Ein af eftirminnilegustu framkomum Nirvana var þegar þeir voru aðalbandið á Reading-tónlistarhátíðinni árið 1992. Sterkur orðrómur hafði verið á sveimi um slæma heilsu Cobain og margar fréttir höfðu birst um eiturlyfjafíkn hans. Sökum þessa var innkoma hans á hátíðina áhrifamikil þegar hann kom rúllandi inn á svið í hjólástól. Nirvana var

orðið stórt nafn og Cobain gat komist upp með alls kyns framkomu. Skömmu eftir hjólástólauppákomuna kom hljómsveitin fram á VMA-verðlaunahátíð MTV þar sem Cobain stalst til að spila upphafið að laginu Rape Me en aðstandendur hátíðarinnar höfðu áður bannað honum að spila lagið. Eftir upphafsstefið fóru þeir yfir í lagið Lithium og hirtu svo seinna um kvöldið verðlaun fyrir besta „alternative“-myndbandið og sem besti nýliðinn.

Snar endir

Nirvana fylgdu eftir Nevermind með plötunni In Utero sem þeir gáfu út í september árið 1993. Sú var ekki eins poppuð og Nevermind en seldist þó mjög vel og stökk beint í fyrsta sæti Billboard-listans. Í nóvember sama ár komu þeir mörgum á óvart þegar þeir samþykktu að taka þátt í órafmagnaðri tónleikaröð MTV. Þar sýndu þeir gæði laga sinna því að hálfnakinn lögin fengu áheyrendur til að heyra vel hve sterkar laglínur þau höfðu að geyma. Kurt Cobain var oft talinn talsmaður X-kynslóðarinnar svokölluðu en sú staða og frægð hans og frami ollu honum miklu hugarangri og þunglyndi. Smám saman varð fíkn hans meiri og var tónleikaferð Nirvana um Evrópu aflýst að hluta eftir að hann fannst meðvitundarlaus á hótellherbergi sínu eftir að hafa blandað saman óhóflegu magni af lyfjum og áfengi. Cobain fór í meðferð í Seattle en gafst upp á innan við viku og flúði meðferðarheimilið. Viku seinna, þann 8. apríl árið 1994, fannst hann svo látinn á heimili sínu í Seattle eftir að hann hafði stýtt sér aldur.

Goðsögnin lifir

Dauði Kurt Cobain hjúpaði Nirvana í fortíðarþrá og á augabragði urðu meðlimir Nirvana holdgervingar breytingarinnar á tónlistarsenuinni eins og hún leggur sig. Þeir opnuðu dyr margra neðanjarðarlistarmanna að poppsenuinni og kenndu fólki að allar stærðir og form í tónlistinni eiga möguleika á að ná langt. Hroki þeirra og oft og tíðum húmor gerði þá spennandi og hvatti aðra til að vinna með tónlist í alls kyns áttir. Þeir gáfu tilraunarokkurum von og veittu um leið poppsenuinni mikilvægt aðhald. Kurt Cobain var 27 ára þegar hann dó. Merkileg tala þessi 27.



NIRVANA ALVEG GRJÓTHARDIR

**Ertu námsmaður?
Viltu leigja stóra íbúð
fyrir lítinn pening?**



Á Ásbrú í Reykjanesbæ eru rúmgóðar og vel búnar námsmannaíbúðir sem ætlaðar eru einstaklingum, pörum eða fjölskyldufólki sem stundar nám hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi, hjá Keili eða í öðru háskólanámi á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúðirnar eru allar rúmgóðar og aðstaða eins og best verður á kosið. Svæðið er mjög fjölskylduvænt og öll helsta þjónusta í seilingarfjarlægð, s.s. líkamsræktarstöð, veitingastaður, grunnskóli og leikskólar.

Gjaldfrjálsar rútuferðir eru milli Ásbrúar og Reykjavíkur.



Dæmi um íbúðir og leiguverð

3 herbergja íbúðir	106 - 110 m ²	69.081 kr.
4 herbergja íbúðir	135 - 145 m ²	85.979 kr.
5 herbergja íbúðir	164 - 182 m ²	104.659 kr.
6 herbergja íbúðir	203 - 210 m ²	123.065 kr.

Innifalið er sjónvarp og internet.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni: www.keilir.net/keilir/nemendaibudir
Einnig má hafa samband við húsnæðissvið Keilis í síma 578 4000.





JAKKI:
RAUÐA KROSS BÚÐIN

KJÓLL:
ROKK OG RÓSIR

SOKKABUXUR:
OROBLU

SKÓR:
DIN SKO (SVÍÞJÓÐ)



HÁLSMEN:
ROKK OG RÓSIR

KJÓLL:
ROKK OG RÓSIR

SOKKABUXUR:
OROBLU

SKÓR:
NELLY (SVÍÞJÓÐ)

Vintage ÆÐI

„Þessi gamli stíll á miklu betur við mig,” segir **Rósa María en Stíllinn** fékk hana til að sýna okkur uppáhalds vintage-flíkurnar sínar.

Rósa María Árnadóttir útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands síðastliðið vor og vinnur nú í fullu starfi hjá Nova í Kringlunni. Auk þess vinnur hún um helgar í vintage-búðinni Rokki og Rósum á Laugaveginum. Rósa María hefur lengi haft mikinn áhuga á tísku og er vintage-tíska henni efst í huga. Stíllinn spurði hana spjörunum úr um fatastíllinn, vintage-tísku og hvað væri ómissandi í vetur.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Hann er stílhreinn, kvenlegur en samt smá öðruvísi. Ég blanda mikið saman nýjum og gömlum fötum. Mér finnst til dæmis mjög gaman að vera fin, ég kaupir mér reglulega kjóla og á alltof mikið af þeim.

Hvenær fórstu að nota vintage-föt?

Ég man að þegar ég var í níunda bekk kom tímabil þegar allir voru að kaupa sér ballkjóla í Spúútník og þess háttar en það hætti svo fljótt. Síðan þegar ég var að byrja í menntaskóla fór ég að ganga meira í vintage-fötum. Ég var að vinna í fatabúð með Elísabetu vinkonu minni sem gekk mikið í svona fötum þá og ég byrjaði að herma örlítið eftir henni. En svo þróaðist þetta og mér byrjaði að finnast mun skemmtilegra að kaupa mér fót sem ég vissi að enginn átti eins. Í dag er meirihlutinn af fataskápnnum mínum vintage-föt.

Hver er þín helsta fyrirmynd í tískuheiminum?

Það er engin viss fræg persóna sem ég lít eitthvað sérstaklega upp til. Ég skoða mikið tískublogg eins og lookbook.nu. Ég skoða einnig mikið evrópsk tískublogg eins og stokkholmstreetstyle. se þar sem þessi evrópska tíska á mjög vel við mig. Svo heimsæki ég reglulega elisabetgunnars.com, þar er hægt að finna mjög margt flott.

Átt þú þér uppáhaldshönnuð?

Mér finnst Marc Jacobs alltaf flottur og einnig Stina Goya. Af íslenskum hönnuðum finnst mér Kalda-systurnar mjög flottar, Aftur og einnig fannst mér Spakmannsspjarir mjög flott á Reykjavík Fashion Festival núna um daginn.

Hver er uppáhalds vintage-búðin þín?

Það er alveg klárlega Rokk og Rósir. Ég kiki líka oft í Spúútník og Nostalgíu og svo er hægt að finna margt fallegt í Rauða Kross búðinni.

Hvaða flík myndir þú segja að væri ómissandi fyrir veturinn?

Klárlega loðkragar og í öllum litum. Góðar og flottar úlpur, það er búið að vera mikið úrval af flottum úlpum í Spúútník og Nostalgíu og þessum vintage-búðum. Cape-in verða flott í vetur og fylltu hælarnir halda áfram að vera vinsælir. Svo er algjör nauðsyn að eiga stóra, kósi þrjónaða peysu og leðurstuttbuxurnar verða líka málið, við þykkar litaðar sokkabuxur.



HATTUR:
RAUÐA KROSS BÚÐIN

SKYRTA:
NOSTALGÍA

VESTI:
ROKK OG RÓSIR

BUXUR:
ROKK OG RÓSIR

SKÓR:
TOP SHOP



BOLUR:
SPÚÚTNIK

BUXUR:
KULTUR

SKÓR:
RAUÐA KROSS BÚÐIN



Nina Dobrev

Vampire Diaries-stjarnan er sjóðeiti í þessum blóðrauða Donna Karan-kjól. Hafmeyjusniðið fer Ninu virkilega vel og skartar hún fallegu Neil Lane-hálsmeni sem passar vel við hlýralausa kjólinn. Hún fær toppeinkunn!



Minka Kelly

Hin yndisfríða Minka er gríðarlega flott í þessum dökkbláa Dior-kjól. Hún tekur hárið frá andlitinu og skartar fallegum en látlausum Tiffany & Co.-eyrnalokkum. Hún stendur því fyllilega undir nafni sem einn af hinum nýju englum Charlie.



Julia Stiles

Íslandsvinurinn mikli meikar það gjörsamlega í þessum glæsilega Georges Hobeika Couture-sjókjól. Fölgrái liturinn fer einstaklega vel við húðlit Juliu og er hárið fallega liðað sem setur punktinn yfir i-ið.

Best klæddu stjórnurnar á Emmy-verðlaununum

Þessar stjórnur voru þær best klæddu að mati Stílsins.

Hin árlega Emmy-verðlaunahátíð fór fram í Nokia-kvikmyndahúsinu í Los Angeles síðastliðinn sunnudag. Þar voru bestu sjónvarpsþættir Bandaríkjanna verðlaunadír í hinum ýmsu flokkum. Besta leikkonan var valin Juliana Margulies fyrir hlutverk sitt í The Good Wife og Kyle Chandler var valinn besti leikarinn en hann fer með aðalhlutverkið í þáttaröðinni Friday Night Lights.

Verðlaun fyrir leikstjórn hlaut Martin Scorsese en hann leikstýrði fyrsta þætti þáttaraðarinnar Boardwalk Empire. Modern Family var valin besta gamanþáttaröðin og þá var Mad Men valin besta sjónvarpsþáttaröðin, fjórða árið í röð. Það er þó oftar en ekki klæðaburður stjarnanna sem vekur hvað mesta athygli fólks og þar er Stíllinn engin undantekning.



Cat Deeley

Sykursæta þáttastýran stóð undir væntingum og var dúndurflott í gylltum Monque Lhuillier-sjókjól. Látlausir skartgripir og líflegt hárið pössuðu stórvel við kjólinn. Hún Cat er alveg með'etta!



Kate Winslet

Titanic-stjarnan var bráðfalleg á rauða dreglinum í þessum fallega Elie Saab-kjól. Rauði liturinn var áberandi þetta kvöld, en hann fer Kate alveg einstaklega vel. Hún tekur hárið pent upp og fær þá fallegt hálsnál kjólsins að njóta sín.



Evan Rachel Wood

Evan var guðdómleg á rauða dreglinum í svörtum glitrandi Elie Saab-kjól. Hún var með látlausu skartgripi við áberandi kjólinn og með flotta 50's hárgreiðslu sem fullkomnar þetta fágaða og fallega útlit hennar.



Egils

PHOTO: SIA

Vatn sem
bragð er af

Nýtt
Engifer
6 vítamín

Kristall
Plus

Kristall
Plus

Kristall
Plus

Kristall
Plus

Kristall
Plus

Ef einhver hefur hlustað á útvarp í meira en fimm mínútur síðasta mánuðinn hefur sá ekki komist hjá því að heyra raddir **Nönnu Bryndísar** og **Ragnars** úr **Of Monsters and Men**. Söngfluglamir tveir sögðu **Monitor** frá vinsældunum, skortinum á bransasögum og framtíðaráformum bandsins.



OF MONSTERS AND MEN

Stofnuð: Í mars 2010.

Meðlimir: Arnar Rósenkranz Hilmarsson, Árni Guðjónsson, Brynjar Leifsson, Kristján Páll Kristjánsson, Nanna Bryndís Hilmarsdóttir og Ragnar Þórhallsson.

Uppruni meðlima: Garðabær, Garður og Keflavík.

Þrjú góð lög: Little Talks, Love Love Love og Bloom.

Ekki nógu
helluð





NANNA

Fyrstu sex: 060589.

Uppáhaldsmatur: Kjúklingur.

Uppáhaldsstaður í heiminum: New York.

Texti: Einar Lövdahl einar@monitor.is
Myndir: Eggert Jóhannesson eggert@mbl.is

Undanfarin misseri hefur lagið Little Talks með hljómsveitinni Of Monsters and Men verið á heila annars hvers manns hérlandis. Vinsældir lagsins hafa verið meiri en þau Nanna Bryndís Hilmarsdóttir og Ragnar Þórhallsson þorðu að reikna með en lagið hefur verið leikið í útvarpi vestanhafs auk þess sem fjöldinn allur af notendum YouTube hefur sett á netið sínar eigin útgáfur af laginu. Ævintýri krakkanna í Of Monsters and Men hófst hins vegar fyrir einu og hálfu ári síðan með sigri í Músíktílaunum.

Hvað var hljómsveitin Of Monsters and Men að gera áður en hún vann Músíktílaunir í fyrria?

☞ Hún byrjaði sem sólóverkefni hjá Nönnu sem hét Songbird, þótt það sé reyndar bara eitt lag frá þeim tíma á plötunni okkar. Síðar komum við Brynjar inn í þetta. Fyrir Músíktílaunir vorum við bara að spila slatta, spiluðum á Airwaves 2009 á Trúbatrix-kvöldi.
N Já, þá vorum við miklu lágstemmdari með klukkuspil og eitthvað. Ég kynntist Brynjari gítarleikara í skóla en við Raggi kynntumst í gegnum kærastann minn.

Af hverju ákváðuð þið að taka þátt í Músíktílaunum?

☞ Okkur langaði bara að gera eitthvað, við ákváðum þetta með mjög stuttum fyrirvara.
N Já, alveg á seinustu stundu.
☞ Þá bættum við honum Arnari við, til að spila á slagverk og syngja bakraddir.
N Já, ég man samt eftir tímabili þar sem ég hugsaði alveg að við ættum að bíða með þetta í eitt ár en í dag er ég mjög fegin að við skyldum ekki gera það.

Stundum er talað um að hljómsveitir sem vinna Músíktílaunir þurfi síðan að hrísta af sér einhvers konar Músíktílaunastimpil. Erud þið upptekin af slíku?

☞ Ég hef aldrei þælt í því. Ég held að stimpillinn sé góður.
N Það að vinna þessa keppni gerði okkur mjög gott og gerir hljómsveitum mjög gott. Við viljum ekkert losna við hann, erum bara mjög ánægð með að hafa unnið þetta.
☞ Nákvæmlega. Ég held samt líka að það að við biðum dálítið með að gefa út plötu hafi orðið til þess að fólk sér okkur alls ekkert bara sem einhverja Músíktílaunahljómsveit, heldur bara hljómsveit sem hefur verið að spila helling.

Þegar þið unnuð Músíktílaunir voruð þið bara fjögur í hljómsveitinni. Hvers vegna bættust tveir við eftir það?

☞ Við vildum bara gera þetta stærra, stækka hljóminn. Arnar langaði að spila á trommur svo við færðum hann yfir á það og þá þurftum við bassaleikara. Í staðinn fyrir melódikku og klukkuspil, sem höfðu áður verið, þá fengum við harmonikku- og píanóleikara saman í einum manni.
N Svo erum við stundum með trompetleikara líka.
☞ Þetta var bara rétt þróun, lögin kölluðu á stærri hljómsveit.

Um hvað eru lög hljómsveitarinnar?

N Öll lögin eru einhverjar sögur.
☞ Þetta eru allt einhverjar sögur sem við búum til, einhver ævintýri, eða sögur sem við finnum á netinu og vinnum með þegar við búum til texta. Það eru einhverjar skrytnar sögur sem leynast lengst inni í internetinu sem við finnum á einhverjum skrytnum síðum.
N Þetta er allt saman mjög dularfullt.

Þið syngið á ensku, hvers vegna er það?

N Það var einhvern tímann þæling hjá okkur að gera íslenskt lag en það einhvern veginn gerðist aldrei.
☞ Það er ekki það að við tölum mikla ensku eða að við séum eitthvað sérstaklega góð í henni, þetta gerist bara. Ég held líka að innst inni sé þetta

sú hugsun að búa til tónlist fyrir stærri markað. Er það ekki?

N Jú, ætli við viljum það ekki.

Nafn hljómsveitarinnar hljómar eins og vísun í bókatitilinn Of Mice and Men. Kom aldrei til greina að nefna hljómsveitina Of Monster Sandmen, sem hljómar alveg eins?

N (hlær) Við höfum heyrt þetta áður.
☞ Ég sé þetta nafn einmitt alltaf þegar ég skrifa netfangið okkar, ofmonsters-andmenmusic@gmail.com. Það er samt mjög kúl, minnir á Metallica og eitthvað.

N Það hefði verið kúl nafn og við ræddum það ítarlega en við ákváðum að fundi að nota það ekki.

Lagið Little Talks hefur fengið frábærar viðtökur síðustu mánuði. Er þetta ykkar uppáhaldslag?

N Nei, en það er ótrúlega gaman að sjá hvað fólk tekur vel í það, sérstaklega nýlega, og tekur vel undir á tónleikum.

☞ Það er ótrúlega gaman. Þetta er ekkert uppáhaldslagið manns í heiminum, en það er rosa gaman að spila og semja það. Við hlustum almennt ekki mikið á okkar tónlist.

Já, þetta var orðin einhvers konar fíkn og við tölum alveg um að nú þyrftum við að hætta þessu.

Þegar þið sömduð lagið Little Talks, grunaði ykkur strax að þetta væri lag sem yrði spilað á milljón í útvarpi, til dæmis á FM957?

N Við bjuggumst einmitt ekki við því af öllu.

☞ Nei, en ég skil það alveg svo sem. Ég var samt alls ekki einu sinni viss um að þetta kæmist inn á X-ið, ég hugsaði að þetta væri kannski svona Rásar 2-lag.

N Svo var líka mjög óvænt að sjá fólk frá útlöndum vera að „covera“ lagið og setja myndbönd af því á YouTube. Það er alltaf jafnfyndið.

Náið þið nú til breiðari hóps af fólki eftir að lagið sló í gegn?

N Já, það er miklu breiðari hópur byrjaður að mæta á tónleika.

☞ Já, svo erum við búin að spila fyrir börn.

N Síðan vorum við að spila í brúðkaupi og það voru áttæðar ömmur sem voru dansandi við tónlistina okkar. Það er mjög gaman.

Bandaríska útvarpsstöðin KEXP tók upp myndband með ykkur í kringum Airwaves í fyrria þar sem þið fluttuð Little Talks. Síðan hafa rúmlega 208.000 manns horft á þetta myndband. Tókuð þið tímabil þar sem þið láguð yfir YouTube og fylgdust með áhorfinu rjúka upp?

☞ Já, þetta var orðin einhvers konar fíkn og við tölum alveg um að nú þyrftum við að hætta þessu.
N Þetta var alveg rosalegt en ég hef ekki gert það í marga mánuði núna.
☞ Lagið er hins vegar núna komið á einhvern vinsældarlista á útvarpstöð úti í Philadelphia og situr þar í 26. sæti og eftir það byrjaði áhorfið á YouTube að rjúka aftur upp. Fyrir mjög stuttu var það sem sagt bara í 198.000 en svo rauk það upp í 208.000 um daginn.
N (hlær) Geðveikt nákvæmar tölur.

Þið eruð með bandarískan umboðsmann. Kom það til vegna þessa myndbands?

N Nei, það gerðist bara stuttu eftir Músíktílaunir. Maðurinn hennar er íslenskur og hann sá okkur á tónleikum og benti henni á okkur. Hún kom til Íslands og sendi okkur tölvupóst þannig að við höldum tónleika fyrir hana, tölum við hana eftir það og úr varð að hún gerðist umboðsmaður okkar.

🗨 Okkur líkar svo vel við hana og henni líkar vel við okkur, svo þetta er gott samstarf. Hún er náttúrulega með sín sambönd úti, er dugleg og svo er gott að hafa einhvern sem er inni í málunum til dæmis í Ameríku.

Hefur ykkar hversdagslíf breyst eftir að þetta lag náði svona rosalegum vinsældum?

🗨 Það er vissulega meira að gera hjá hljómsveitinni og mikið af tölvu-póstum til að svara og þannig. Það er aðeins meira verið að stoppa mann úti á götu, það er tekið fast í höndina á manni og maður sleginn fast í bakið. Ég lenti einmitt í mjög harðhentum gæja síðustu helgi.
N Ég er sammála öllu sem Raggi er að segja.

Er eitthvað skipti sem þið hafið verið stoppuð úti á götu eftirminnilegra en annað?

N Við lentum í einum á Akureyri.
🗨 Já, það var einhver gæi sem var að elta okkur út um allt þegar við vorum að spila á Akureyri. Hann var með eitthvað svona hvítt í munnavikumum.
N Hann elti okkur á barinn eftir gíggjó og svo þegar við sögðumst ætla að fara heim, þangað sem við gistum, þá spurði hann hvert við værum að fara og sagðist líka eiga heima þar. Við vorum alveg: „Nei, þú átt ekki heima þar“. Síðan stungum við hann af en þá stal hann einhverju hjóli og kom hjólandi á eftir okkur svo við stigum upp í leigubíl og fórum þannig heim.
🗨 Síðan vorum við úti á svölum og þá kom hann hjólandi fram hjá íbúðinni. Þá læstum við bara og fórum að sofa. Við biðjum bara að heilsa honum ef hann er að lesa. Skilaðu hjólinu.

Hvernig verða löginn ykkar til?

🗨 Það er mismunandi. Einhver úr hljómsveitinni kemur með litla hugmynd og svo vinnum við oftast öll eða nokkur saman í henni.
N Já, allir leggja sitt af mörkum.

Þið eruð bæði að læra myndlist. Hvaðan kemur sá áhugi?

🗨 Þetta er bara áhuginn fyrir því að skapa, eflaust sama ástæða og fyrir því að maður er að gera tónlist. Mér finnst ekki gaman að vinna með eitthvað sem aðrir hafa búið til eða sjá hvað aðrir hafa búið til, mér finnst aðallega bara gaman að búa til sjálfur.

N (hlær)

🗨 Hvað, var þetta skríttin setning?

N Ég er í fornámi í mynd- og sjónlist þar sem ég fæ að kynnast öllu í þessum fögum á einu ári. Það hefur hingað til verið ógeðslega gaman.

Hvert er eftirminnilegasta gíggjó hingað til?

N Pylsugíggjó er eftirminnilegt af því að það var svo ömurlagt.

🗨 Já, við vorum að spila í gamla skólanum hennar Nönnu og það var verið að gefa pylsur á sama tíma og við vorum að spila og þá var öllum alveg nákvæmlega sama um okkur.

N Okkur langaði líka geðveikt í pylsu en við þurftum að vera uppi á sviði að spila.

🗨 Það höfðu allir miklu meiri áhuga á pylsum en okkur, það var sárt.

Þeir Arnar og Kristján í hljómsveitinni eru líka meðlimir í Cliff Clavin. Hafið þið reynt að sannfæra þá um að hætta í henni svo þeir geti einbeitt sér að fullu að ykkar hljómsveit?

🗨 Aldrei. Arnar er búinn að vera í Cliff Clavin mjög lengi en Kiddi Palli byrjaði reyndar fyrst með okkur. Þetta vinnur vel saman og Cliff Clavin eru góðir vinir okkar, þeir eru æskuvinir mínir. Mér finnst flott að þeir geti verið í báðum.

Þið hafið spilað í Hollandi og New York. Segið mér aðeins frá þessum tórum ykkar.

🗨 Hollandsgíggjó var í gegnum Músíktíraunir. Við fórum með Hinu húsinu út og tókum þátt í prógrammi sem heitir Stage Europe Network, þar sem margar hljómsveitir frá mismunandi löndum koma saman, spila saman,

taka upp lög og svona. Þetta eru svona hálfgerðar búðir.

N Já, svona „band camp“. Í New York spiluðum við á tvennum litlum tónleikum sem Heather, umboðsmaðurinn okkar, skipulagði svona til þess að kynna lífinu þarna úti og kynna henni betur.

Má búast við meiri útrás til hins stóra heims?

🗨 Já, alveg örugglega. Stefnan er tekin út.

Ragnar, þú gengur undir gælunafninu Mussi. Hvaðan kemur það? Er það rokkstjörnunafnið sem þú notar á erlendri grundu?

🗨 Mamma mín og pabbi kölluðu mig Mussa þegar ég var lítill og systur mína Mussu. Ég jarðaði þetta þegar ég var lítill af því mér fannst þetta ógeðslegt en svo gróf ég þetta upp núna nýlega því mér finnst þetta flott nafn. Ég gaf mér þetta eiginlega sjálfur, þótt það sé kannski ekki leiðin til að fá viðurnefni. Svo er systir mín búin að nefna hvolp eftir mér. Tíkin hennar var sem sagt að eignast hvolpa og Mussi er sætasti hvolpurinn.

N Rokkstjörnunafnið hans er frekar Rocky. Við vorum úti í New York og þá pantaði hann sér „soja latté“ á Starbucks og gellan sem var að afgreiða kallaði hann „Rocky“.

🗨 Ég sagðist sem sagt bara heita Raggi en svo þegar pöntunin var tilbúin þá kallaði hún yfir allan staðinn: „Rocky, Rocky!“ Þá hugsuðu örugglega allir bara: „Vó, kúl nafn“.

Nanna, hvernig er að vera eina stelpan í hljómsveitinni?

N Ég hef aldrei upplifað það sem neitt skrítt. Það var ekki fyrr en fólk fór að benda mér á þetta að ég fór eitthvað að þæla í þessu. Ég er bara í hljómsveit með vinum mínum.

🗨 Já, við erum svo góður hópur að það skiptir engu máli.

Ef þið fengjuð boð um að fara í árslangan túr um Bandaríkin þar sem þið þyrftuð að taka með ykkur íslenska hljómsveit til að hita upp fyrir ykkur, hvaða hljómsveit yrði fyrir valinu?

N Ég myndi vilja taka Agent Fresco, þótt það sé kannski skrítt að fá þá til að hita upp. Við höfum reynt að spila á eftir þeim og það er mjög erfitt.

🗨 Við tókum rosalega skemmtilegan túr með þeim og Lockerbie í sumar. Við kynntumst þeim vel og þeir eru frábærir strákar svo það væri mjög gaman.

🗨 Síðan stungum við hann af en þá stal hann einhverju hjóli og kom hjólandi á eftir okkur svo við stigum upp í leigubíl og fórum þannig heim.

Ef hljómsveitin strandaði á eyðieyju og þið algjörlega neyddust til að borða einn meðlim, hver yrði étinn?

🗨 Pottþétt Brynjar.

N Já, ég myndi byrja á vörunum hans.

🗨 Maður myndi narta í þessar varir.

Svo er hann búinn að vera að lyfta svolítið svo vöðvarnir hans eru orðnir mjög djúsi og síðan er hann náttúrulega með þennan rass.

N Hann er mjög gírnilegur allur. Ég held að hann sé safaríkur.

🗨 Ég held líka að allir væru sáttir við þá ákvörðun, hann líka.

N Nei, ekki segja þetta! (hlær)

🗨 Hann er yngstur og svona.

Getið þið sagt mér einhverja skemmtilega hljómsveitarsögu?

🗨 Við vorum einmitt að ræða það um daginn á þessum túr



RAGNAR

Fyrstu sex: 060387.

Uppáhaldsmatur: Humar.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Heima hjá mómmu og pabba.

með Agent Fresco hvað við eigum engar sögur.
 N Þeir voru alltaf með einhverjar sögur þar sem þeir voru að gera eitthvað „alveg hellað“. Við erum ekki nógu helluð.
 R Við erum að pæla í að byrja að gera eitthvað til að fá sögur.
 N Eða búa bara til sögur.

Heimildir Monitor herma að Ragnar upplifi sig sem fyrirliða hljómsveitarinnar. Er hann það?

N Hann vill setja sig á þann stall, hann má svo sem alveg fá þann stimpil ef hann vill það.
 R Já, svona nýlega þá hef ég tekið fyrirliðastöðuna af Nönnu. Ég er búinn að vera mjög ábyrgur, svarandi Emilum og mikið í símanum. Nei nei, ég er enginn fyrirliði.
 N Ragnar er frábær strákur.

Nanna, þú lentir í 3. sæti í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir fjórum árum þegar þú söngst lagið Gleym-mér-ei fyrir hönd FS. Hvort þykir þér vænna um þann áfanga eða sigurinn í Músíktílaunum?

N Ég held að það hljóti að vera Músíktílaunir, af því að þá unnum við. Það var bæði reyndar ótrúlega gaman, bæði ævintýri út af fyrir sig.
 R Það hefur kannski verið skemmtilegra í Músíktílaunum af því þú gerðir það með skemmtilegra fólki, eða hvað?
 N Sagði ég það?
 R Nei, ég bara spyr.

Áður fyrr varst þú, Nanna, líka í hljómsveitinni Pointless sem gerði það gott á Suðurnesjunum og kom meðal annars fram í Ísland í bítið. Hvað varð um þá ágætu sveit?

R Stóð hún ekki bara undir nafni?
 N Jú, hún var bara „pointless“. Nei, við bara hættum. Ég held að við höfum áttað okkur á því að við vorum ömurleg. Eða nei, við vorum kúl.

Manst þú eftir henni frá þessum tíma, Ragnar?

R Nei, ég þekkti hana ekki neitt. Ég er hins vegar líka svona rannsóknarlögregla eins og þú og gróf atriðið hennar úr Söngkeppninni upp á netinu og það var rosa flott.

Fyrsta platan ykkar, My Head Is an Animal, kom út í vikunni. Hvað getið þið sagt mér um þessa plötu?

N Hún er með tónlist og söng á.
 R Hún inniheldur ellefu lög.
 N Við tókum hana upp í Sýrlandi.
 R Já, hún var tekin upp „læv“, það er að segja grunnarnir, og svo erum við búin að bæta ofan á það í Orgelsmiðjunni. Það hefur tekist mjög vel, finnst okkur. Kaupið hana, plís.
 N Svo Raggi geti borðað.

Þið eruð að læra myndlist og hönnuðuð plötuumlagið sjálf ásamt Arnari trommuleikara. Hver er þælingin á bak við umslagið?

R Þetta eru gamlar ljósmyndir sem ég fann í albúmi sem af minni átti. Ef þú opnar diskinn, þá sérðu sex hausa sem allir tákna einn í hljómsveitinni. Það eru sem sagt augun okkar inni í skrimslahausum.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

N Vonandi eitthvað skemmtilegt, við ætlum allavega að fylgja plötunni vel eftir.
 R Það eru útgáfutónleikar fimmtudaginn 6. október í Gamla bíó. Við ætlum annars bara að spila og spila, svo styttist í Airwaves. Síðan semjum við örugglega meira, skemmtum okkur og höfum það gott.

Mér skilst að trommarinn ykkar, Arnar, sé afar skeggaður um þessar mundir. Hvers vegna er það?

R Arnar er að safna skeggi þangað til að útgáfutónleikarnir eru búnir. Öllum er velkomið að koma og snerta skeggið hans á tónleikunum.
 N Hann er einmitt kallaður Skeggur af okkur þessa dagana.
 R Svo þegar hann rakar skeggið þá ætlar hann að gefa mér hárin svo ég geti búið til pensla úr þeim og þá mála ég mynd af honum með penslunum.

HVORT YKKAR ER...

...líklegri til að mæta seint á hljómsveitaræfingu?

R Nanna.
 N Ég.

...klukkaðra?

R Ég.
 N Ég.

...betri myndlistarmaður?

R Ég.
 N Raggi.

...latari einstaklingur?

R Ég.
 N Ég.

...betri söngvari?

R Nanna.
 N Raggi.

...betri gítarleikari?

R Erfiðar spurningar. Má segja Brynjar? Við erum bæði jafnléleg.
 N Þetta er mjög erfitt. Brynjar?

...meira utan við sig?

R Nanna.
 N Ég.



ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



— L A X A B O R G A R I N N —

SALÓMON

GUSTAVSSON

Salómon Gustavsson er ómótstæðilegur hamborgari úr ferskum, íslenskum laxi. Með japönskum þara (Wakame), hávarti osti, rauðlauk, tómötum, Boston káli og hvítlauks-lime sósu.

SALÓMON ER PARTUR AF PRÓGRAMMET

BORÐAPANTANIR

Í síma 575 7575
og á fabrikkann@fabrikkann.is

TAKE AWAY

- Hringdu í síma 575 7575, pantaðu matinn og sæktu þegar þér hentar
- Mættu á staðinn, pantaðu mat og taktu með
- Hámarksbiðtími 15 mín.

FLJÓTLEGT Í HÁDEGINU

Meðalbiðtími eftir mat á
Fabrikkunni er aðeins 8 mínútur
frá því að pöntun er tekin.



TÓNLIST, KYRNTYNDIR, BÓGVARÐ, LÆRISÓL, LISTA, DRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAÐ

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Ragnhildur Steinunn
Á forsíðu: 13. janúar 2011
Fyrirsögn viðtals: Væri sett á ritalín í dag
 „Það er bara allt ljómandi gott að fréttu, takk fyrir. Ég var reyndar rétt í þessu að tína hrisgrjón úr hárinu á mér eftir hádegispartí með dóttur minni. Ótrúlegt hvað litlir gríslingar geta hent matarleifum út og suður. Annars er fæðingarorlofið mitt á enda og nú er vinnan komin á fullt. Við höfum verið að klára þætti fyrir RÚV sem heita Íspjóðin og það hefur verið afar ánægjulegt. Í þáttunum ræði ég við ungt, framúrskarandi fólk og það hafa verið algjör forréttindi að kynnast þessum einstaklingum. Einnig hef ég verið að undirbúa dansþáttinn Dans dans dans sem hefur göngu sína á RÚV í byrjun nóvember. Það er virkilega fjórugt verkefni enda löngu kominn tími til þess að gera danslistinni hátt undir höfði. Dansprufurnar fara fram í lok mánaðar og við vonumst að sjálfsögðu til þess að geta sýnt íslensku þjóðinni rjómann af dansmenningunni hér heima. Annars er ég bara hress og kát og hlakka til að lesa næsta Monitor.“



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
 til Sveinbjörn Thorarensen, Hermigervill
 dagsetning 19. september 2011 11:56
 titill LOL-mail Monitor
 Blessaður herra

Til lukku með nýju plötuna þína. Hún er að fá svaka viðbrögð. Hann Jói skoraði á þig svo nú er komið að þér að senda okkur brandara og skora svo á næsta.

Ljúfar stundir,
 Jón Ragnar

frá Sveinbjörn Thorarensen, Hermigervill
 til Jón Ragnar Jónsson
 dagsetning 20. september 2011 19:13
 titill Re: LOL-mail Monitor

Hérna er einn:

„Vissuð þið að Friðrik Þór er að búa til næstu Rocky mynd? Hún mun heita Rocky Reykjavík.“

Ég skora svo hérmeð á Jóhann Alfreð, meðlim Mid Íslands, því að hann á jú að heita atvinnumaður þegar kemur að bröndurum.

-Sveinbi

Á leið til New York

Þessa vikuna stökkva þau Pétur Ben og Elín Ey hæst allra á Lagalistanum. Nýverið endurgerðu þau gamalt lag Magnúsar Eiríkssonar um Þjóðveginn sem situr nú í 5. sæti Tónlistans en einnig situr það á toppi vinsældarlista Rásar 2. „Þetta er mjög gaman, mér þykir vænt um þessa velgengi,“ segir Elín sem átti engan veginn von á þessu. „Satt að segja kom ég heim frá Bandaríkjunum og þá vissi ég ekki einu sinni að það væri komið í spilun. Mér datt ekki í hug að það yrði sett í útvarp því það var upphaflega gert fyrir auglýsingu. Tónlistin mín hefur aldrei verið á þeim markaði að hún hafi ratað á vinsældarlistana svo að þetta er mjög nýtt fyrir mér. En ég er mikill aðdáandi Magga Eiríks svo það er virkilega gaman að taka þátt í að endurútsetja þetta lag.“ Það er margt í pípunum hjá Elínu sem ætlar til New York þegar hún er búin að koma fram á Airwaves-hátíðinni. „Ég er búin að vera með annan fótinn þar í svólittinn tíma en núna ætla ég að verja þar góðum tíma og vinna í nýrri plötu allavega fram að jölum. Draumurinn er svo að taka upp hvert lag í nýju fylki í Bandaríkjunum. Míg langar að kaupa mér Cadillac og ferðast á milli staða.“



HÁSTÖKKVARI VIKUNNAR



ELTI HRELL IRINN

RedHourBen Ben Stiller
yfrog.com/me5m5jj
 where is this...
 14. september kl. 21:20

arnibergur Árni Bergur
 @RedHourBen Harpan, Reykjavík
 Iceland.
 14. september kl. 21:25

RedHourBen Ben Stiller
 RT @arnibergur: @RedHourBen
 WINNER
 14. september kl. 21:26

viggo95 viktor halldórsson
 @RedHourBen well you'll probably
 not see this but good luck in
 iceland. 2 bad 4 the crappy rain
 tho. :) ps im fan 1
 # LOL
 15. september kl. 15:14

RedHourBen Ben Stiller
 RT @viggo95: @RedHourBen STILL
 INCREDIBLE
 15. september kl. 16:50



RedHourBen Ben Stiller
 Eastern Iceland tonight. yfrog.com/nz8zqmj
 15. september kl. 20:47

RedHourBen Ben Stiller
 Really really ridiculously good
 looking children of Stykkisholmur.
yfrog.com/h23aczuvj
 16. september kl. 14:56

RedHourBen Ben Stiller
 Just back. Iceland is beautiful.
 Nice people! I just kept saying



Ben Stiller

@RedHourBen Red Hour Films - Los Angeles
 The real Ben Stiller. Sort of, whatever real means. Follow
 my production company here: @RedHourFilms...my
 parents here: @StillerandMears.
<http://www.stillerandmears.com>

“amazing” after every fjord.
 Finally switched to “awesome”
 #Needathesaurus
 18. september kl. 00:19

sigrunbj Sigrún Björk
 @RedHourBen I really hope you
 liked Iceland! Atleast we were
 super excited to have you here :) a
 bunch of us are big fans of yours!
 18. september 15:38

RedHourBen Ben Stiller
 RT @sigrunbj: @RedHourBen
 LOVED ICELAND. Great coffee.
 19. september kl. 00:38



Heyrnarból bjóða góða nótt

Það getur verið ansi ljúft að sofa með góða tónlist í eyrunum en stundum getur það reynst erfitt þegar heyrnartólin valda óþægindum. Ný heyrnartól sem bera hið skemmtilega heiti Bedphones eru aftur á móti gerð með það í huga að fólk geti sofnað með þau í eyrunum. Þar sem þau eru lítil og flöt í lögun geta jafnvel þeir sem kjósa að hvílast á hliðinni sofnað án vandræða. Snúran úr þeim er líka þrædd aftur fyrir höfuðið svo ekki er hættu á að flækja sig. Með græjunni fylgir sérstakt forrit, eða

app, sem tengist snjallsímanum þínum. Þannig færðu sjálfkrafa play-hnapp á símann og einnig býður forritið upp á möguleikann að stilla hvenær tónlistin eigi að hætta. Tilkomumesti fitusinn er þó vafalaust hreyfiskynjarinn sem áttar sig á því hvernær hlustandi inn sofnar og slekkur þá á ljúfu tónunum.



LJÚFT Í EYRUN




LAGALISTINN

Vikan 15. - 22. september 2011

- 1 **Of Monsters And Men**
Little Talks
- 2 **Mugison**
Stingum af
- 3 **Adam Levine / Christina Aguilera**
Moves Like Jagger
- 4 **Jón Jónsson**
Wanna Get In
- 5 **Elín Ey / Pétur Ben**
Þjóðvegurinn
- 6 **Adele**
Set Fire To The Rain
- 7 **Red Hot Chili Peppers**
Adventures Of Rain Dance
- 8 **Foster The People**
Pumped Up Kicks
- 9 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna**
Ég skal bíða þín
- 10 **Awolnation**
Sail

11 Pétur Ben & Eberg Over And Over 12 Lady Gaga You And I 13 Bubbi Morthens Háskaleikur 14 Bruno Mars Merry You 15 HAM Ingimar 16 Cee Lo Green Cry Baby 17 Mannakorn Á meðan sumar framhjá fer 18 Valdimar Brotlentur 19 Coldplay Every Teardrop Is A Waterfall 20 Berndsen & Bubbi Úlfur Úlfur 21 Páll Óskar La Dolce Vita 22 JLS / Dev She Makes Me Wanna 23 HAM Dauð hóra 24 Rihanna Cheers (Drink To That) 25 Snow Patrol Called Out In The Dark 26 Múgsefjun Sendlingar og sandlóa 27 Steindi JR / Bent / Matti Matt Gull af mönnum 28 Chris Medina What Are Words 29 Brynjar Már Breakaway 30 Á móti só! Ég veit ekki hvar

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



TÓNLISTINN

Vikan 15. - 22. september 2011

- 1 **HAM**
Svik, harmur og dauði
- 2 **Helgi Björns & reiðmenn vindanna**
Ég vil fara uppi sveit
- 3 **Jón Jónsson**
Wait For Fate
- 4 **Gus Gus**
Arabian Horse
- 5 **Sóley**
We Sink
- 6 **Valdimar**
Undraland
- 7 **Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
- 8 **Adele**
21
- 9 **Bubbi**
Ég trúi á þig
- 10 **Björgvin & Hjartagosarnir**
Leiðin heim

11 Helgi Björns & reiðmenn vindanna Ríðum sem fjandinn 12 Steindinn okkar Án djóks ... samt djók 13 Helgi Björns & reiðmenn vindanna Þú komst í hlaðið 14 Ýmsir Stuð stuð stuð 15 Skálmöld Baldur 16 Björk Gling gló 17 Ýmsir Pottþétt 55 18 Sálsgæslan Dauði og djófull 19 Óðinn Valdimarsson Er völlum grær 20 Snorri Helgason Winter Sun 21 FM Belfast Don't Want To Sleep 22 Hermigervill Leikur fleiri íslenzk lög 23 Dikta Get It Together 24 Justin Bieber My Worlds 25 Bessi Bjarnason Segir börnunum sögur 26 Sin Fang Summer Echoes 27 Viktoría Postnikova Tchaikovsky Piano Concert 28 Apparat Organ Quartet Pólyfónía 29 Red Hot Chili Peppers I'm With You 30 Ýmsir Manstu gamla daga 1960 - 1969

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur söluútlur síðastliðinnar viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.

DC DOUBLE
C H E E S E



K Y N N I R



big ROYAL

150 GRAMMA HAMMARI MEÐ GRILLBRAGÐI!

Í AÐALHLUTVERKI

100% NAUTAKJÖT 150G TVÆR OSTSNÆÐAR ÍSLENSKAR GÚRKUR BUFFTÓMATUR
RAUÐLAUKUR BRAKANDI FERSKT SALAT ROYAL HAMBORGARASÓSA RAUÐ PAPRIKA HAMMARABRAUÐ

FERILLINN



Jonathan Taylor Thomas

Hæð: 165 sentimetrar.
Besta hlutverk: Randy Taylor í Home Improvement-þáttunum.
Staðreynd: Hans rétta eftirnafn er Weiss en sviðsnafnið Thomas tók hann frá eldri bróður sínum, Joel Thomas Weiss.
Eitruð tilvitnun: „Árangur er ekki að gera aldrei mistök heldur að rísa upp í hvert skipti sem þér mistekst.“

1981 Fæðist þann 8. september í Bethlehem í Pennsylvaníu-fylki í Bandaríkjunum.

1989 Foreldrar hans, Stephen Weiss og Claudine Gonsalves, skilja en móðir hans gerist umboðsmaður hans. Átta ára gamall leikur hann í Burger King-auglýsingu.

1990 Fær hlutverk Kevin Brady í skammlífum þáttum sem bera nafnið The Bradys. Þættirnir byggðu á hugmyndinni um Brady-fjölskylduna.

1991 Hefur leik sinn í Home Improvement-þáttunum. Þar leikur hann miðsoninn, Randall William Taylor, kallaður Randy.

1994 Ljáið ljónaprinsinum Simba rödd sína í Konungi ljónanna.

1995 Leikur í sinni fyrstu kvikmynd í fullri lengd, Man of the House.

1996 Fer með hlutverk Gosa í myndinni The Adventures of Pinocchio.

1998 Yfirgefur þættina Home Improvement því hann hyggst ná lengra sem leikari. Sama ár leikur hann í I'll Be Home for Christmas sem fær meðal annars 18% á Rotten Tomatoes.

2000 Hefur nám í Harvard-háskóla þar sem hann leggur stund á sálfræði og sögu.

2002 Fer til Skotlands þar sem hann tekur eitt ár sem skiptinemi við St. Andrews-háskóla.

2010 Útskrifast úr Columbia-háskóla í New York.

2011 Byr í Los Angeles í Kaliforníu þar sem hann heldur áfram að leika og reynir fyrir sér sem leikstjóri.



FRUMSÝND 23. SEPTEMBER



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Lion King 3D

Ungur ljónaprins fæðist í Afríku sem verður til þess að Skari mun ekki taka við konungstign af konungi ljónanna, Múfasa. Þar sem Skari vill verða konungur skipuleggur hann í samráði við hyenurnar að drepa Múfasa. Skari lýgur svo að unga ljónaprinsinum, Simba, að það sé honum

að kenna að pabbi hans hafi dáðið og því flýr Simbi inn í frumskóginn. Þar hittir hann fyrir þá Tímon og Púmba sem kenna honum að hafa engar áhyggjur. En allt fer á versta veg á meðan Skari er við völd og því verður Simbi að snúa aftur og taka völdin í sínar hendur.

Aðalhlutverk: Cheech Marin, James Earl Jones, Jeremy Irons, Jonathan Taylor Thomas og Matthew Broderick.
Lengd: 89 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Kringlunni.

Aðrar frumsýningar: Johnny English – Shark Night 3D – Contagion - Hoodwinked Too! Hood VS. Evil

f VILTU MIÐA? Monitor ætlar að gefa miða á **Lion King 3D**, fylgstu með...
facebook.com/monitorbladid

nýtt á Íslandi
 Vinsælasta náttúrulega húðlínan í Bandaríkjunum.
BURT'S BEES
 Fæst í apótekum

„Hakuna matata.“
 (Tímon og Pumba, **Lion King**, 1994)



Mögnuð keyrsla

Myndin Drive fjallar í stuttu máli um flotta- og áhættubílstjóra fyrir kvikmyndir sem leikinn er af Ryan Gosling. Hlutirnir taka síðan smá U-beygu þegar hann kynnist Irene sem leikin er af Carey Mulligan. Svona myndir minna mig alltaf á það hvað kvikmyndir eru frábært fyrirbæri. Það er fátt sem jafnast á við það að fara í gott bíó og upplifa jafnmagnaða mynd og Drive reyndist vera. Allur leikur er til fyrirmyndar. Ryan Gosling gerir þetta alveg fátíðlega vel og nær að skapa karakter sem heldur myndinni uppi. Það var skemmtilegt hvað maður fékk lítið að vita um karakterinn og hans baksögu en gat samt lesið svo vel í leikinn hjá Gosling. Hann er hér með kominn inn á topp tíu yfir upphaldsleikara hjá mér. Gaman líka að sjá Ron Perlman og einnig Bryan Cranston úr þeim frábæru þáttum Breaking Bad. Hann stendur auðvitað fyllilega fyrir sínu eins og alltaf.

Svarthöfði í bíó
 Annað sem gerir myndina magnaða er andrúmsloftið. Mikið er um þagnir og er leikstjórinn óhræddur við að gefa hverri senu sinn tíma. Myndin er líka skemmtilega stíliseruð og öll myndataka mjög flott. Það var einhver svona eitis/retro-filingur yfir henni sem var að gera góða hluti. Allt þetta var síðan bundið saman með virkilega góðu tónlistarskoti sem átti stóran þátt í að skapa þetta flotta andrúmsloft. Það er kannski rétt að taka það fram að myndin gerir talsverðar kröfur til áhorfenda. Ég fann það stundum í salnum að sumir voru ekki alveg að meika þagnirnar og ofbeldið sem er í grófari kantinum. Mæli líka ekki með því að þið sitjið við hlið einhvers sem andar mjög hátt. Ég lenti í því og hefði alveg eins getað setið hliðina á Svarthöfða, slík voru lætin. En hvað sem því líður þá er Drive klárlega ein af betri myndum ársins.

Kristján Sturla Bjarnason
DRIVE
MMMMM



Feitir menn og glæsikonur

Það er deginum ljósara að sú þjóð sem ræður lögum og lofum í skemmtanaíðnaðinum er Bandaríkjamenn. Þetta hamborgarastórveldi gefur tóninn og skapar viðmiðin um hvað sé fyndið, skemmtilegt og spennandi hjá meðaljónum vesturheims þegar kemur að kvikmyndum, tónlist og sjónvarpsefni, svo eitthvað sé nefnt. Ég á ekki við að það sé slæmt, en Ameríkani er einfaldlega stærstur, frekastur og feitastur.

lítur framhjá því stendur þetta undarlega mynstur eftir, óframbærilegur karl með frambærilegri konu. Það er nefnilega ekki nóg með það að eiginkonur karlanna séu margfalt meira aðlaðandi en þeir sjálfir, heldur eru þær oftast líka miklum mun gáf- aðri og skynsamari og þurfa sífellt að hafa vit fyrir mönnum sínum. Þær eru með öðrum orðum líka fallegri að innan.

Hvaða skilaboð eru framleiðendur og handritshöfundar þessara þátta að senda út til áhorfenda? Ætli þetta eigi að endurspeglar ameríska drauminn, að hver sem er geti afrekað eitthvað ef hann leggur nógu hart að sér? Það er að segja, að sama hversu óaðlaðandi og vitlaus maður er, þá geti maður eignast góðan maka ef maður bara vinnur nógu hörðum höndum að því. Eins og komið hefur fram eru þessar persónur einmitt oftast frekar latar, svo það verður að teljast ólíklegt. Hafa þessar ágætu konur giftst mönnum til fjár? Varla, þar sem mennirnir eru sjaldnast í hálaunastörfum. Homer er verkamaður í kjarnorkuveri og fyrrnefndur Doug ber út póstin.



Talandi um holda- far, þá hef ég lengi velt vöngum yfir einu áberandi mynstri í amerísku sjónvarpsefni sem virðist hafa orðið að einhvers konar formúlu. Það er atriði sem einkennir fjöldann allan af svokölluðum „sit com“-þáttaröðum vestanhafs.

Um er að ræða þætti eins og King of Queens, Grounded For Life, According to Jim, Still Standing og jafnvel teiknimyndarþættina Simpsons og Family Guy, sem allir hafa verið sýndir hérlandis, og svona mætti áfram halda. Ef til vill hafa lesendur nú þegar áttað sig á hver samnefni þessara þátta er. Allir þessir þættir innihalda nefnilega aðalpersónu sem er feitur, latur og oftast barnalegur húsaðir sem á granna og skarpa þokkadís sem eiginkonu.

Ég legg það ekki í vana minn að setja út á útlit fólks eða ráðast á innri manns einhvers, en þar sem þetta eru jú skáldaðar persónur gerir maður ef til vill á því undantekningu. Karlpersónurnar úr þáttunum sem ég nefndi að ofan eru holdgervingar amerískrar leti. Það þekkjá allir hversu latur og vitlaus Homer Simpson er og þeir sem þekkjá til King of Queens vita að Doug hagar sér eins og risavaxið smábarn. Ég veit að það er hrikalega fordómfullt og grunnhyggið að furða sig á því að hjón séu ekki „jafnaðlaðandi“ og ég er meðvitaður um að feegurð sé afstæð en ef maður



Út frá þessu öllu hlýtur maður að draga ályktanir. Annaðhvort er þetta leið framleiðenda þáttanna til að varpa ljósi á einhvers konar skort á góðum karlpeningi í Bandaríkjunum, eða þá handritshöfundarnir sjálfir eru feitir og vitlausir karlmenn sem eru einfaldlega að skemmta sér við að skrifa um draumaheim sinn, þar sem gáfaðar fegurðardrottningar giftast ófríðum letingjum. Það er ekki það að þetta angri mig, skemmtiefni í sjónvarpi segir sjaldnast alveg satt og fallegar konur mega alveg giftast illa mín vegna. Mér finnst aðallega bara fyndið að þetta hvers vegna þessi parasamsetning endurtekur sig svona trekk í trekk eins og þetta sé skotheldasta leiðin til að búa til vinsælan þátt. Nóg um það, ég er farinn að bæta á mig.

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is

TÖLVULEIKUR



Vopnaðir ísskápar

Ein skærasta fjöður í hatti Xbox 360 vélarinnar er hin magnaða Gears of War-sería sem framleidd er af Epic Games. Þriðji og jafnframt síðasti leikur seríunnar kom út í vikunni og það er klárt að Epic-menn hafa dregið fram fægiklutinn og gefa hér út einhvern mest glansandi leik ársins.



Gears of War 3

MMMMM

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Epic Games

Dómar: Gamespot 9,5 af 10 / IGN 9 af 10 / Eurogamer 8 af 10



Söguþráðurinn hefst tveimur árum eftir síðasta leik og hefst þar sem Marcus, Dom og félagar hafa komið sér fyrir á gömlu herskipi og sigla þar um heimsins höf í rólegheitum og rækta korn og eru í góðum filing. En sjaldan er ein báran stök í heimi Gears of War og áður en leikmenn vita af eru þeir orðnir blóðugir upp að öxlum eftir endalaus bardaga við bæði Locustkvikindin og hina glóandi fersku Lambert. Söguþráður leiksins er sá metnaðarfullsti og lengsti hingað til og eru leikmenn góða 15-20 tíma að vaða í gegnum hann. Ég mæli með að leikmenn finni sér aðra þrjá til að spila með í gegnum söguna, en fjögurra manna „co-op“-spilun leiksins er líklega ein besta uppfinning mannskepnunnar. Fyrir utan söguþráðinn er í leiknum mjög fullkomin netspilun sem inniheldur margt af því gamla góða í bland við helling af nýju stöffi.

Gears of War 3 er þriðju persónu hasarleikur, líkt og hinir leikir seríunnar. Leikmenn fara í hlutverk hermanna sem hafa líkamsbyggingu ísskápa og eru harðari en grjót ... miklu harðari. Leikurinn inniheldur hátt í 20 mismunandi vopn og virka þau misvel á hinar ýmsu tegundir óvina. Þetta gerir það að verkum að leikmenn þurfa að keyra á milli vopna sem er mjög gott og ýtir undir fjölbreytileika. Helsta kennileiti Gears-leikjanna er einnig á sínum stað en það er hið margrómaða „cover“-kerfi, en spilun leiksins útheimtir massífa notkun á því og virkar það betur en nokkra sinni fyrr. Grafík leiksins er mjög góð, enda búið að bóna dýrið til fullnustu. Sama má segja um tónlist og talsetningu, en flestar persónur leiksins gætu verið rífnar út úr 80's hasarmynd.

Gears of War 3 er kannski ekki frumlegasti leikur í veröldinni, en þegar Gears er annarsvegar, þá er enginn að kalla eftir frumleika, heldur bara endalausum hasar sem kallar fram testósterón og bunka af bringuhárum.

Ólafur Þór Jónsson



Heilsudýnan sem styður svo vel við þig að þér finnst þú



svífa



Tempur- dagar í september

Allar TEMPUR® heilsudýnur og -koddar á 20% afslætti




Faxafeni 5, Reykjavík
Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Getur hjól líka verið sláttuvél?

Facebook-síðan **Hugmyndir fyrir heimilið** er tilvalin síða fyrir ungt fólk sem byrjað er að búa til að sækja hugmyndir.

Það er stórt skref að flytja að heiman og byrja að búa. Að sama skapi er það spennandi skref enda gefst þar með tækifæri til að innrétta eigin íbúð og skapa þar með heimili sitt. Á Facebook er að finna íslenska síðu sem kallast Hugmyndir fyrir heimilið þar sem tæplega 19.000 Íslendingar deila sniðugum hugmyndum sem nýst geta hverjum sem er við innréttingar. Þetta netsamfélag er stútfullt af bæði hagnýtum lausnum á húsgagnaskorti sem og fyndnum tillögum þar sem fólk hefur hugsað út fyrir kassann með það í huga að lífga upp á hvern krók og kima íbúðarinnar.



Náttúruleg vellíðan ÞURRKUR KLÁÐI SVEPPASÝKINGAR?

Veltir þú fyrir þér hvað þú ert að nota á þitt viðkvæmasta svæði

lífræn dömubindi og tíðatappar

- ☀ án klórs
- ☀ án ilmefna
- ☀ án plastefna



natracare®

ADHD Vitundarvika 18. - 25. september

KAUPUM ENDURSKINSMERKI

ADHD samtakanna



STUÐNINGUR SKAPAR SIGURVEGARA

KRONAN

SELUR ADHD ENDURSKINSMERKIN

Styrkjum gott málefni með kaupum á endurskinsmerkjum með skemmtilegum teikningum eftir Hugleik Dagsson.

Allt söluandvirði merkjanna, 1.000 kr. rennur óskipt til ADHD samtakanna á Íslandi.



ADHD samtökin

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110 www.adhd.is

ATHYGLI
JÁ TAKK

Gott andrúmsloft í kirkjunni

„Það má búast við hörkutónleikum. Það er allavega nóg af fólki að spila með okkur, við verðum með fjóra blásara og fjóra strengjaleikara. Við ætlum síðan að vera með svona sjónrænt stússi við hvert lag sem við vorum upp á tjald og ætlum að frumsýna nýtt myndband,“ segir Bjarki Þjetursson úr Vigra. Þeir halda langþráða útgáfutónleika í kvöld en platan þeirra, Pink Boats, kom út í sumar. Tónleikarnir fara fram í Frikirkjunni. „Nánast öll platan okkar var tekin upp í kirkjum og það er mjög gott andrúmsloft í Frikirkjunni. Þetta helst því vel í hendurnar við stemninguna á plötunni.“ Miðaverð er 1.500 kr.



ÚTGÁFUTÓNLEIKAR VIGRA

Fimmtudagur 22. september
Frikirkjan kl. 21

fílófaxið

fimmtudagur **22** sept

YFIRDRÁTTINN HEIM

- 1860
Café Rosenberg Hljómseitin 1860 heldur sérstaka styrktartónleika til að geta borgað plötukostnað sem þeir lofuðu að borga bankanum á ákveðnum tíma. Miðaverð er 1.000 kr.

föstudagur **23** sept



BUBBI MORTHEUS Í HAFNARFIRÐI

Frikirkja Hafnarfjarðar
20:30 Kóngurinn ferðast um landið í haust þar sem hann leikur gamalt efni í bland við nýtt ásamt því að ræða málefni liðandi stundar við áhorfendur. Miðaverð 2.500 kr.

laugardagur **24** sept

BACK&FORTH-KVÖLD

Faktoy
00:00 Þetta kvöld er annað sinnar tegundar en um er að ræða bombudanskvöld þar sem fram koma S.Rock, Gaston Lagaffe og M-Shield. Frítt inn.



EVA CASSIDY TRIBUTE

Salurinn, Kópavogi
Jóhanna Guðrún heiðrar Evu Cassidy með því að flytja sín uppáhaldslög sem Eva flutti áður. Þess má geta að Dan Cassidy, fíðuleikari og bróðir Evu, stígur á stokk með Jóhönnu. Miðaverð er 3.300 kr.

HJÁLMAR - HAUSTGLEÐI

Nasa
00:00 Hjálmarir brjótast út úr hljóðverinu eftir upptökur á nýrri plötu til að spila á tónleikum á föstudaginn. Miðaverð er 2.000 kr.

LOKAPRÓFIÐ

| 22. september 2011 |



Ég heiti Dóra Jóhannsdóttir

Ef ég væri ekki Dóra Jóhannsdóttir væri ég

- a) Dóra, landkönnuður
- b) Dóra, fellibylurinn
- c) Halldóra Geirharðsdóttir, leikkona í fyrirmyndin mín
- d) Halldór Gylfason, leikari - alltaf hress af því að

Dú veist hver ég er af því að

ég er leikkona



Þegar ég komst inn í leiklistarskólann árið 2002 þá hugsaði ég:

- a) „I'm gonna change the acting scene here in Iceland.“ trúe dat!
- b) „Ég ætla að verða geðveikt góð leikkona, bjóða mig svo fram til forseta og verða eins og Vigdís Finnboga.“ Góð hugmynd. Stel henni.
- c) „Þetta verða frábær fjögur ár.“
- d) „Vá hvað ég er heppin. Ég ætla að gera alla í kringum mig stolta.“
- e) hessi Jóhannsdóttir
viðist vera
frin gávi... hmmm

Besti vinur minn í leikhópnum Ég og vinir mínir er

- a) Álfrún Helga Örnólfsdóttir.
- b) Margrét Bjarnadóttir.
- c) Saga Sigurðardóttir.
- d) Friðgeir Einarsson.
- e) Sveini Ólafsson
þessi röð... djök
þessi röð... djök



Ef ég væri ekki með Jörundi Ragnarssyni en væri samt með leikara þá væri ég með

- a) Hilmi Snæ Guðnasyni.
- b) Anthony Hopkins.
- c) Sveini Ólafi Gunnarssyni.
- d) Mel Gibson.
- e) iiii, glætan að ég væri með öðrum.

Það að vera eina stelpa í Mið-Ísland þáttunum er

- a) ótrúlega eritt en skemmtilegt.
- b) ýkt kül.
- c) geggjuð upplifun.
- d) lítið krefjandi verkefni af því að enginn þeirra er lærður leikari eins og ég. Mjúkahn

Það besta við að vera í leiklist

- a) er klappið og hrópin frá áhorfendum.
 - b) er æfingaferlið eins og það leggur sig.
 - c) er stemningin baksviðs á milli átíða.
 - d) eru forréttindin sem fylgja því að fá að skapa eitthvað sem fólk vill sjá.
 - e) hafa hlut, gem e-ð sem snerti fólk, fær þú til að sjá sig og smíta hlut, mjú ljosi.
- Eiginhandararitunin mín lítur svona út:
Dóra Jo



Ef ég væri ekki leikkona þá væri ég

- a) fegurðardrottning. Ój
- b) kassadama. í einn dag max
- c) ljósmóðir. örugglega stærstlegt skaf
- d) stjórnmálamaður. um...
- e) húsmóðir. vor þú þ veitir af þú var vndislegt

Það sem fáir vita um mig er

hef aldrei smittað
þu físksligt

SATT OG ÓSATT

Ég hef gleymt línunum í leikhúsinu þegar ég hef leikið á móti Jörundi Ragnarssyni, ástmanni mínum, af því að ég fer að hugsa hvað hann er sætur og góður maður.

S Óim a pro

Uppáhaldspátturinn sem ég hef leikið í er

- a) Næturvaktin
 - b) Hamarinn
 - c) Sigtíð
 - d) Mið-Ísland
- af því að Ekki séns að
gæva upp í milli!
Alta upphalds!

Síðasta sms sem ég fékk var frá

1900

og í því stóð Þökkveitunin
íslands
þakkar stuðninginn
100 kr lafa verid skilaféðar
á simreikning þinn!

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Sendi fallegar hugsanir
til allra sem leggja
inn í þennan reikning
(Svo mitt reikning)

Síðast en ekki síst

» Hjörtur Hermannsson, knattspyrnumaður, fílar:

Kvikmynd: Hef ekki marga fjöruna sopið í þeim efnum en Law Abiding Citizen er mjög góð. Ef mig langar að hlæja hefur The Benchwarmers aldrei valdið vonbrigðum.

Þáttur: Ég er ekki mikið inni í þáttum en An Idiot Abroad eru hrikalega góðir þættir. Svo er klassik að gleyma sér í þáttum eins og Family Guy, How I Met Your Mother og The Big Bang Theory.

Bók: Lestur er ekki í miklu uppáhaldi hjá mér en af því sem ég hef lesið stendur Gangandi íkorni eftir Gyrði Elíasson upp úr. Hún er súrrealísk fantasía og fjallar um strák sem heitir Sigmar, sem fer úr raunheimi inn í ímyndaðan heim þar sem hann er ekki lengur strákur heldur íkorni. Fjör.



Plata: Hvað er það? Ég hlusta mikið á tónlist en á mér enga uppáhaldsplötu, er algjör alæta á tónlist. Mæli hins vegar með fyrir áhugasama að tékka á Franz Lang og hittaranum hans Kuss Jodler.

Vefsíða: Klárlega er það Fótbolti.net, ég gæti hangið þar inni á í marga daga. Annars er klassík að detta inn á YouTube og finna einhverja vitleysu, tel mig vera búinn að mastera þá list.

Staður: Algjör klisja kannski en mér líður alltaf best inni á fótboltavellinum. Annars eru allir staðir sem hafa mig og aðra skemmtilega að geyma í mjög miklu uppáhaldi.



ADHD

VITUNDARVIKA 18. - 25. SEPTEMBER

STÚLKUR GREINAST YFIRLEITT 5 ÁRUM SEINNA EN STRÁKAR

KRONAN


SELUR ADHD ENDURSKINSMERKIN

Styrkjum gott málefni með kaupum á endurskinsmerkjum með skemmtilegum teikningum eftir Hugleik Dagsson. Allt söluandvirði merkjanna, 1.000 kr. rennur óskipt til ADHD samtakanna á Íslandi.

ATHYGLI JA TAKK

ADHD SAMTAKIN Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110 www.adhd.is

NÝ SENDING



LEVI'S gallabuxur, verð kr. 9.995 - 11.995.-

Fylgstu með okkur á Facebook



Girnilegasti lagermarkaður landsins!

KORPU **OUTLET**

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Ópið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Fáðu dagskrá RIFF beint í símann þinn

Skoðu dagskrá RIFF í farsímanum þínum.
Á M.siminn.is getur þú lesið um allar myndirnar
á hátíðinni og horft á sýnishorn úr þeim.



Skannaðu kóðann og þú gætir átt möguleika
á að vinna miða á RIFF hátíðina.

Gildir aðeins fyrir viðskiptavini Símons og Ring.

Síminn 